



Mitt á milli Moskvu og Washington

Eftir Lilju Dögg
Alfreðsdóttur

Myndin af handtaki Ronald Reagan Bandaríkjaforseta og Mikhail Gorbachev, aðalritara sovéskra kommúnistaflokksins, á tröppum Höfða er greypt í huga margra Íslendinga, þótt heil 30 ár séu nú liðin frá sögulegum fundi þeirra í Reykjavík.

Til fundarins var boðað með aðeins 11 daga fyrirvara, sem þó dugði starfsfólki borgarinnar og stjórnsýslunnar til að undirbúa og halda stórveldafund með glæsibrag! Skyndilega beindist kastljós alþjóðafjölmíðla að eyjunni í norðri og hingað flykkust blaðamenn í tuga- eða hundruðatali.

Íslensk stjórnvöld sinntu gestgjafahlutverkinu af stakri þrýði og þjóðin fylgdist stolt með diplómáttiskum dansi frá Vigdísar Finnbogadóttur forseta Íslands við valdamestu menn veraldar. Markmið gestanna voru háleit, því stefna skyldi að markvissri fækkun kjarnavopna í útbólgnum vopnabúrum stórveldanna og leggja grunn að þíðu í samskiptum ríkjanna



Lilja Alfreðsdóttir

eftir hart kuldakast í köldu stríði.

Samtal leiðtoganna kveikti von í brjósti heimsbyggðarinnar, en þegar dyrnar á Höfða lukust upp að fundi loknum urðu margir fyrir vonbrigðum.

Hvorki samningar né yfirlýsingar voru undirritaðar og Reagan og Gorbachev virtust daprir yfir niðurstöðunni. Fljótlega kom þó í

ljós að í Höfða sátu þeir fræjum, sem urðu til þess að kalda stríðinu lauk um fimmtán árum síðar. Þannig hafði Höfðafundurinn áhrif á veraldarsöguna og í dag minnumst við þessara atburða í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Þar býðst gestum að hlýða á umræður og ávörp frá Vigdísar Finnbogadóttur og Ban Ki-moon, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, á meðan húsrúm leyfir.

Snemma á áttunda áratugnum versnuðu samskipti austurs og vesturs til muna. Sovéski herinn var enn í Afganistan, engar afvopunarviðræður áttu sér stað og mikil spenna myndaðist eftir að flugher Sovétríkjanna grandaði kóreskri farþegaþotu,

» ...í Höfða sátu þeir fræjum, sem urðu til þess að kalda stríðinu lauk um fimmtán árum síðar.

sem hann sakaði um njósnir. Samskiptin bötnuðu mikið þegar Gorbachev komst til valda árið 1985 og strax sama ár hittust leiðtogar stórveldanna til viðræðna í Genf. Fundurinn var sannarlega ágætisbyrjun, en hitt var ljóst að meira þurfti til og með leiðtogafundinum í Höfða var ætlunin að blása lífi í afvopunarviðræður á ný.

Ýmsum kom á óvart að fundinum væri fundinn staður á Íslandi. Síðar kom í ljós að valið stóð á milli Reykjavíkur og Lundúna, en að tillögu Gorbachev hefði Reykjavík orðið ofan á. Ástæðan var ekki síst sú, að Ísland er landfræðilega miðja vega á milli Bandaríkjanna og Rússlands – mitt á milli Moskvu og Washington – og var því ásættanlegur kostur á þessum spennutímum.

Skoðanir um ágæti Höfðafundarins voru í upphafi mjög skiptar. Richard Nixon, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, sagði til dæmis að enginn leiðtoga-

fundur frá Yalta-fundinum hefði ógnað vestrænum hagsmunum eins mikið og þessir tveir dagar í Reykjavík. Aðrir, þeirra á meðal George Shultz, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sögðu fundinn þann merkasta sem leiðtogar stórveldanna hefðu átt! Sjálfur telur Gorbachev fundinn hafa verið vendipunktur í samskiptum austurs og vesturs.

Í dag er fullyrt að hann hafi stuðlað að endalokum kalda stríðsins. Hann hafði sannarlega áhrif á afvopunarviðræður og átti sinn þátt í því að INF-samningurinn um meðaldrægar eldflogar var gerður, samkomulag náðist um START II og bann við tilraunum með kjarnavopn. Þá fékk hreyfingin um útrýmingu kjarnavopna byr undir báða vængi.

Það er ekki að ósekju að þetta er rifjað upp á þrjátíu ára afmælinu, nú þegar talsverð spenna er aftur komin í samskipti Rússlands og Vesturlanda. Raunar má spyrja sig að því, hvort leiðtogafundurinn í Höfða og arfleifð hans geti nýst til að vinna úr þeim ágreiningi sem nú blasir við. Hvort við getum dregið lærdóm af Höfðafundinum sem gagnast við að leysa alþjóðlegar deilur í dag? Að minnsta kosti sýndi hann okkur mikilvægi þess að þjóðarleiðtogar ræði ágreiningsefnin

og leiti diplómáttiskra lausna. Loki ekki á samskipti sín á milli heldur reyni að skapa traust og draga úr spennu. Það kann að vera erfitt, en sannir leiðtogar stækka við slíkt en minnka ekki.

Með vissri einföldun má segja að með Höfðafundinum hafi Ísland slitið barnsskónum í alþjóðlegu tilliti. Það var ekki átakslaut enda þurfti að leysa mörg vandamál á stuttum tíma, bæði tæknileg og praktísk. Það var til dæmis ekki auðvelt að finna húsnæði fyrir alla gesti og útvega nauðsynlegan tækjabúnað. Mikill fjöldi erlendra blaða- og fréttamanna kom til landsins, en þar sem fundurinn var lokaður nýttu þeir tímann til að fylgjast með ferðum Raisu Gorbachev og fjalla um land og þjóð; fegurðardrottninguna Hólmfríði Karlsdóttur, kraftakarlinn Jón Pál Sigmarsson og reglulegar sundferðir Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra, sem bauð fréttamönnum með sér í heita pottinn!

Leiðtogafundurinn í Höfða kom Íslandi á kortið. Við urðum betur meðvituð um hlutverk okkar og skyldur í alþjóðasamfélaginu og þótt við höfum vissulega vakið alþjóðlega athygli síðan – bæði fyrir góða hluti og neikvæða – þá var fundurinn alveg einstakur.

Höfundur er utanríkisráðherra.